DV Helgin

Ný íslensk kvikmynd:

Svo á jörðu sem á himni

Kvikmynd Kristínar Jóhannesdóttur, Svo á jörðu sem á himni, verður frumsýnd í Háskólabíói á morgun. Myndin fléttar saman sögu ungrar stúlku og fjölskyldu hennar á Íslandi á fjórða áratug aldarinnar og hliðstæðu hennar á fjórtándu öld á sama stað en þá lagði Straumfjarðar-Halla bölvun á staðinn eftir að hafa misst syni sína og erlendan ástmann í hafið. Á þessum stað strandaði franska vísindaskipið Pourquoi pas? árið 1936 og er atburðurinn sýndur frá sjónarhóli stúlkunnar. Ástarsagan frá fjórtándu öld byggir upp spennu sem stigmagnast og nær hámarki í sjóslysasenu.

Í helstu hlutverkum eru margir af okkar þekktustu leikurum. Má þar nefna Tinnu Gunnlaugsdóttur, Valdimar Örn Flygenring, Helga Skúlason, Sigríði Hagalín og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, auk frönsku leikaranna Pierre Vaneck, Christophe Pinon og Christian Charmetant. Stærsta hlutverkið leikur hin unga Álfrún H. Örnólfsdóttir. Kristín Jóhannesdóttir er leikstjóri og skrifar einnig handritið. Tónlist er eftir Hilmar Örn Hilmarsson, stjórn kvikmyndatöku var í höndum Snorra Þórissonar, klippingu sá Sigurður Snæberg Jónsson um og búninga Helga Stefánsdóttir. Framleiðandi er Sigurður Pálsson.

Svo á jörðu sem á himni var kvikmynduð á tólf vikum á tímabilinu júlí–október 1991. Flest útiatriðin voru tekin á eyðibýlinu Horni í Hornafirði en jafnframt var kvikmyndað í Bláfjöllum, við Breiðamerkurlón, á Vatnajökli, í Reykjavík, Grindavíkurfjöru og Krísuvíkurbergi, höfninni í Gufunesi og um borð í seglskipinu Kaskelot sem leigt var sérstaklega frá Bretlandi til kvikmyndatökunnar en skipið er þekktur „kvikmyndaleikari“ og var meðal annars í sjónvarpsþáttaröðinni um Onedin-skipafélagið. Inniatriðin voru hins vegar tekin í skemmu sem tekin var á leigu í Kópavogi undir innanhússleikmyndir.



Daníel Ágúst Haraldsson, söngvari hljómsveitarinnar Ný danskrar, leikur hlutverk í Svo á jörðu sem á himni. Sést hann hér fremst á myndinni.

Kristskirkja:

Barokk-tónlist

Tónlistarkonurnar Guðrún Skarphéðinsdóttir blokkflautuleikari og Nina Haugen orgelleikari halda tónleika í Kristskirkju í kvöld kl. 20.30.

Efnisskráin tengist öll að einhverju leyti tónlist frá Englandi á 17. og 18. öld. Leikin verða verk eftir ensk tónskáld eins og Henry Purcell, Matthew Locke og Andrew Parcham. Einnig eru á efnisskránni verk eftir önnur tónskáld sem annaðhvort störfuðu í Englandi eða höfðu mikil áhrif á þróun enskrar tónlistar.

Guðrún Skarphéðinsdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1987. Hún stundaði framhaldsnám í þrjú ár í Sviss í skóla sem sérhæfir sig í túlkun á leik gamallar tónlistar. Síðastliðin tvö ár hefur Guðrún verið búsett í Þýskalandi þar sem hún starfar sjálfstætt sem tónlistarmaður og stundar nám í Alexandertækni.

Norski orgelleikarinn Nina Haugen lagði stund á kirkjutónlist í Þrándheimi en hóf nám í Sviss 1987. Hún tók þar lokapróf í vor. Nina Haugen hefur haldið einleiks- og kammertónleika bæði í Noregi og annars staðar.



Í vestursal Kjarvalsstaða sýna Kristján Steingrímur, Íris Friðriksdóttir, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson. Myndin er tekin þegar þau unnu að uppsetningu sýningarinnar.



Tvær starfstúlkur Kjarvalsstaða eru hér með tvær teikningar eftir Alfreð Flóka en sýning á teikningum hans er í austursalnum.

DV-myndir BG

Kjarvalsstaðir:

Fjórar sýningar opnaðar

Það verður mikið um að vera á Kjarvalsstöðum um helgina en á laugardaginn verða opnaðar fjórar myndlistarsýningar, auk þess sem þar verður opnaður nýr veitingasalur.

Í austursal Kjarvalsstaða verður sýning á teikningum eftir Alfreð Flóka og eru verkin í eigu Listasafns Reykjavíkur. Alfreð Flóki var auk þess að vera snjall og mikilhæfur myndlistarmaður mikill bóhem og hneykslaði gjarnan góðborgarana. Fáir myndlistarmenn hafa að jafnaði sýnt við jafn mikla aðsókn og Alfreð Flóki en hann hélt meðal annars níu einkasýningar í Bogasalnum. Fyrstu sýningu sína hélt hann 1959.

Einnig verða sýnd á Kjarvalsstöðum afstrakthöggmyndir eftir Ásmund Sveinsson, glerverk eftir færeyska myndlistarmanninn Tróndur Patursson og í vestursal er síðan samsýning fjögurra listamanna. Þeir eru Íris Friðriksdóttir, Kristján Steingrímur, Ólafur Gíslason og Ragnar Stefánsson.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá 10–18. Safnaleiðsögn er á sunnudögum. Sýningarnar fjórar munu standa til 13. september.

Kráarýnir fer á Café Romance
– sjá bls. 18

Megas, Kuran Swing og Cirkus Babalú á Hressó
– sjá bls. 19

Hafsteinn Austmann sýnir í Nýhöfn
– sjá bls. 20

Ibsen og persónur hans í Norræna húsinu
– sjá bls 20

Eyðieyjar á Kollafirði
– sjá bls. 23

Íþrótta-viðburðir helgar-innar
– sjá bls. 23

Hvernig verður helgar-veðrið?
– sjá bls. 24